



Ársskýrsla 2016



STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS



Stjórn og starfsmenn

Arndís Arnarsdóttir, SA

Eiður Stefánsson, LÍV

Guðbjörg Sesselja Jónsdóttir, SA, frá júní 2016

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR

Lisbet Einarsdóttir, SA, til maí 2016

Ólafur Finnbogason, SA

Teitur Lárusson, VR, formaður

Starfsmenn sjóðsins voru:

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir (fæðingarorlof til ágúst)

Selma Kristjánsdóttir og Eva Demireva.

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins var Pálína Árnadóttir hjá Deloitte.

Níu stjórnarfundir voru haldnir á árinu auk tveggja vinnufunda.

Hlutverk og markmið

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður þann 14. maí árið 2000 á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og LÍV hins vegar.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til menntunar félagsmanna og styrkja aðildarfyrirtæki samtaka atvinnulífsins til starfs- og endurmenntunar starfsmanna sinna. Sjóðurinn veitir einnig styrki til námsefnisgerðar. Iðgjald atvinnurekenda til sjóðsins er 0,30% af launum félagsmanna en aðildarfélögin greiða fjórðungs mótframlag af greiddu framlagi atvinnurekenda.

Hlutverk Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks er:

1. Að auka starfshæfni og menntunarstig félagsmanna sjóðsins sem leitt getur til virðisauka fyrir þá og fyrirtækin
2. Að bæta samkeppnishæfni fyrirtækja sem greiða í sjóðinn með aukinni menntun starfsfólks
3. Að stuðla að aukinni virðingu fyrir störfum í verslunar-, þjónustu- og skrifstofugreinum m.a. með því að styðja við áframhaldandi þróun náms og raunfærnimats fyrir greinarnar
4. Að hvetja félagsmenn til náms
5. Að hvetja fyrirtæki til að hækka menntunarstig í fyrirtækjum

Um ársskýrsluna

Maí 2017

Útgefandi: Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Ritstjórn og ábyrgð: Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Hönnun og uppsetning: Tómas Bolli Hafþórsson

Prentun: Oddi

Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Yfirlit yfir starf ársins

Nýjar reglur voru að fullu innleiddar hjá Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks á árinu 2016, en sú innleiðing hófst árið 2014. Ákvæði í reglum um uppsafnaðan styrk var tekið í notkun 1. janúar 2016. Í því felst að ef félagsmaður hefur ekki nýtt starfsmenntastyrk sinn í þrjú ár samfelld hefur hann kost á því að sækja um styrk að upphæð 270 þúsund krónur fyrir einu samfelldu námi. Á árinu sóttu 440 félagsmenn um og fengu 3ja ára uppsafnaðan styrk greiddan.

Greidd iðgjöld til sjóðsins voru kr. 607.133.862 árið 2016 en greiddir styrkir úr sjóðnum voru kr. 424.893.593 og eru því greidd iðgjöld í sjóðinn umfram styrki kr. 182.240.269. Sjá mynd 1 og 2.

Iðgjöld og styrkir

Greidd upphæð einstaklingsstyrkja allra aðildarfélaga sjóðsins dróst saman um 1% frá árinu áður. Meðalaldur félagsmanna sem sækja í sjóðinn hefur lækkað úr 36 ára niður í 33-34 ára. Rúmlega 90% úthlutaðra einstaklingsstyrkja eru vegna starfstengds náms; þar af eru 44,6% vegna háskólanáms og 41,4% vegna starfstengdra símenntunarnámskeiða sem gefa ekki einingar. Meðalupphæð styrkja jókst um 11% milli árána 2015 og 2016, úr kr. 44.041 í 48.801 en hafði aukist um 6% árið á undan vegna innleiðingar á nýjum reglum sjóðsins. Meðaltalsstyrkur af þriggja ára uppsöfnuðum styrk sem getur numið að hámarki 270 þúsund krónur var 191.406 kr. Uppsafnaður styrkur var greiddur út í fyrsta sinn árið 2016 eftir að nýjar reglur voru innleiddar 2014.

Greidd upphæð fyrirtækjastyrkja hækkaði um tæp 70% frá 2015, þrátt fyrir að greiðslur vegna „Fræðslustjóra að láni“ verkefna séu nú færðar á sér bókonarlykil, en verkefnin voru áður inni í heildarupphæð fyrirtækjastyrkja. Fjöldi fyrirtækjastyrkja jókst aftur á móti um 142% og hafði aukist um 35% þar á undan.

Aukning í umsóknum um „Fræðslustjóra að láni“ til fyrirtækja hefur skilað miklum árangri. Í bókun við kjarasamninga 2013 var kveðið á um að skapa sameiginlegan vettvang sem myndi greiða leiðir fyrirtækja að umsóknum að starfsmenntasjóðum og fræðslustofnunum. Úr varð verkefnið Áttin – ný vefgátt sem er sameiginlegur vettvangur fyrirtækja Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands og starfsmenntasjóða á þeirra vegum. Vefgáttin „attin.is“ fór í loftið í nóvember 2015 og eru atvinnurekendur í aukna mæli að verða meðvitaðri um þessa sameiginlegu vefgátt. Ákveðið var að fara af stað með kynningarátaksverkefni af hálfu Áttarinnar og fóru ráðgjafar á vegum starfs-

menntasjóðanna sem og starfsmenn sjóðanna í heimsókn til fyrirtækja og kynntu þeim notkun á Áttinni og helstu styrkmöguleika fyrirtækja hjá þeim sjóðum sem að Áttinni standa. Ástæður fyrir auknum fjölda og tæplega 10 milljóna hækkun í útgreiðslu fyrirtækjastyrkja er rakin til kynningarátaks á Áttinni sem hófst á árinu.


Áfram var unnið með að sameina gögn félaga LÍV í miðlægan gagnagrunn fyrir sjóðinn og er sú vinna enn í gangi. Tvö af þremur hugbúnaðarkerfum sem aðildarfélögin styðjast við, hafa útbúið tengingu við grunn SVS. Vinnan við tenginguna skýrir hve mjög tölvukostnaður hækkar á árinu hjá SVS. Á árinu fóru að lesast beint inn í sameiginlegan gagnagrunn gögn frá Félagi verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri.

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks samþykkti á árinu 2015 áttak til smærri fyrirtækja sem fólst í því að fyrirtæki með heildarfjölda starfsmanna 25 eða færri gafst kostur á þátttöku í „Fræðslustjóra að láni“, óháð rétti þeirra í sjóðinn. Átakið gekk mjög vel og leiddi til þess að stjórn sjóðsins samþykkti snemma á árinu 2016 að falla frá þeirri reglu að draga kostnað við slík verkefni af rétti fyrirtækis til styrkveitinga hjá sjóðnum.

Samþykkt voru viðmið stjórnar til afgreiðslu á þróunarstyrkjum og eyðublað til útfyllingar sett inn á vef sjóðsins. Hlutverk og markmið SVS var notað til mótunar á viðmiðunum og er það von stjórnar að ákvarðanataka um styrkveitingar til slíkra verkefna verði nú gegnsærri.

Villa var í útreikningum á upphæð styrkja og fjölda styrkja í seinustu ársskýrslu. Villan leiddi til þess að heildarupphæð greiddra styrkja var 2,1% hærra en raunin var. Þá leiddi villan til þess að heildarfjöldi einstaklinga sem fengu greidda styrki voru 2,2% fleiri en raunin var. Þessar tölur hafa verið leiðréttar í þessari skýrslu.

Iðgjöld og styrkir á verðlagi hvers árs Mynd 1



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Einstaklingsstyrkir

Sjóðsfélagar SVS tilheyra 12 stéttarfélögum sem mynda Landssamband íslenskra verslunarmanna. Stéttarfélögin sjá um afgreiðslu og þjónustu einstaklingsstyrkja sinna félagsmanna.

- AFL Starfsgreinafélag
- Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri (FVSA)
- Framsýn
- Stéttarfélag Vesturlands (Stétt. Vest)
- Stéttarfélagið Samstaða (Samstaða)
- Verkalýðsfélag Snæfellinga (Verk. Snæ)
- Verkalýðsfélag Vestfirðinga
- Verkalýðsfélag Þórshafnar
- Verslunarmannafélag Skagfirðinga
- Verslunarmannafélag Suðurlands (VMS)
- Verslunarmannafélag Suðurnesja (VS)
- VR


Greining einstaklingsstyrkja byggir á gögnum frá öllum 12 aðildarfélögum sjóðsins. Heildarútgreiðsla styrkja í ársreikningi nam kr. 424.685.002. Inni í þeirri upphæð er að finna styrki til þróunarverkefna sem eru færð undir liðinn sérverkefni í ársreikningi.

Einstaklingar sem fengu greidda styrki voru 8.755 árið 2016 og fækkaði um 5% frá árinu áður, en þá voru afgreiddar umsóknir 9.239, sjá mynd 3.


Meðalupphæð styrkja til einstaklinga árið 2015 var kr. 44.041, en kr. 48.801 2016 og hækkar hún um 11% á milli ára, sjá mynd 4.

Rekja má þá hækkun sem mynd 4 sýnir frá árinu 2014 til þeirra breytinga sem gerðar voru á úthlutunarreglum sjóðsins og voru innleiddar 2014.


Hlutfall styrkja af iðgjöldum Mynd 2



Fjöldi einstaklinga Mynd 3



Meðalupphæð styrkja til einstaklinga Mynd 4



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Meðalstyrkupphæð hjá LÍV-félögum utan VR var kr. 44.196 árið 2016 og 41.373 árið 2015 og hækkaði því um 7% á milli ára. Sjá má meðalupphæð styrkja milli félaga á mynd 5.

Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja sjóðsins árið 2016 var 390.752.666 á móti kr 394.399.606 2015 og munaði því innan við 1% á útgreiðslum styrkja milli ára. Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja hjá VR árið 2016 var kr. 351.872.107 á móti kr. 357.516.047 ári á undan og dregst saman um 2% milli ára. Heildarupphæð greiddra einstaklingsstyrkja hjá LÍV-félögum utan VR var kr. 38.880.560 árið 2016 á móti kr. 36.780.919 ári á undan og nemur hækkingunni 6%. Sjá mynd 6. Hér má einnig sjá skýrt að reglubreytingin 2014 jók útgreiðslur styrkja töluvert.

Yfirlit yfir heildarupphæð greiddra styrkja á milli LÍV-félaga utan VR má sjá á mynd 7. Heildarupphæð greiddra styrkja hjá VR var kr. 351.872.107.


Á mynd 8 er horft til aldurs styrkþega á árunum 2015 og 2016. Sjá má að aldurshópurinn 35-44 ára er sá hópur sem hefur fengið úthlutað hæstu meðalupphæðinni. Aldurshópurinn 25-34 ára og yngri fylgir fast á eftir en munur milli hópanna er ekki nema örfá prósent. Um 3% aukning er milli ára í aldurshópnum 25-34 ára og 5% aukning í aldurshópnum 35-44 ára milli ára. Flestar umsóknir koma frá yngsta hópnunum undir 25 ára, en þar á eftir er það hópurinn 25-34 ára sem er duglegur að sækja um styrki.

Töluvert fleiri konur en karlar sækja um styrki úr sjóðnum eins og sjá má á mynd 10, en fleiri konur eru sjóðsfélagar en karlar. Þrátt fyrir að fleiri konur en karlar séu sjóðsfélagar eru konur engu að síður virkari að sækja um styrki úr sjóðnum; því skýrir fjöldi þeirra einn og sér ekki hvers vegna karlar sækja síður um í sjóðinn. Þessar tölur eru nánast óbreyttar á milli ára.


Skiptingu einstaklingsstyrkja má sjá á mynd 11. Nánast allir greiddir einstaklingsstyrkir eða 95% eru vegna starfstengds náms innanlands eða erlendis.

Á mynd 12 má sjá hvernig starfstengt nám flokkast niður eftir því í hvaða lið umsækjandi hakar í við umsókn. 45% styrkja eru vegna háskólanáms. Þar getur verið um að ræða grunnnám, stök námskeið innan háskóla sem veita einingar og/eða frekari réttindi innan háskóla t.a.m. bókari o.fl. 14% er vegna framhaldsskólanáms. Í öðrum flokkum, þar sem nám er ekki metið til eininga, verður námið að tengjast starfi sjóðsfélaga. Sjálfstyrking fellur t.a.m. þar undir.


Meðalupphæð eftir félögum Mynd 5




Heildarupphæð styrkja Mynd 6




Heildarupphæð eftir félögum* Mynd 7




Meðalupphæð eftir aldri Mynd 8



Fjöldi styrkja 2016 Mynd 9




Hlutdeild kynja eftir aldri Mynd 10




Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Skipting styrkja 2016 Mynd 11



Starfstengur styrkur – tegund náms Mynd 12



Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins

Fyrirtækjastyrkir

Greiddir styrkir til fyrirtækja ásamt þeirri upphæð sem greidd er vegna „Fræðslustjóra að láni“ námu kr. 33.256.352 og er hlutfall þeirra 8% af heildarstyrkjum sjóðsins. Upphæð greiddra styrkja til fyrirtækja hækkaði um kr. 18.490.615 milli ára eða um 125%.

Fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi 2016 fengu sem nemur kr. 24.053.861 í afslátt. Þar sem sú tala kemur hvorki inn né út í bókhaldi sjóðsins er ekki hægt að gera grein fyrir henni sem hlutfalli af heildarstyrkjum sjóðsins. Þó má benda á að þessi upphæð er veruleg í samhengi við aðra greidda styrki til fyrirtækja.

Á árinu var haldið áfram að kynna fyrir fyrirtækjum hvernig þau mættu nýta sér sjóðinn líkt og undanfarin ár. Með átaksverkefninu Áttinni var lögð enn meiri áhersla á kynningar til fyrirtækja. Styrkir SVS til fyrirtækja náðu samtals til rúmlega 8.000 sjóðsfélaga. Þá eru talin með öll verkefni sjóðsins, þ.e. fyrirtæki sem hafa sótt um námskeiðsstyrk, „Fræðslustjóra að láni“ eða verið á lækkuðu iðgjaldi. Dreifing styrkjanna eftir fjölda starfsmanna sést á mynd 13.

Á mynd 14 má sjá að alls voru veittir 495 styrkir til fyrirtækja á árinu, sem er um 130% aukning frá árinu á undan.

Af þeim 215 styrkjum til fyrirtækja voru 450 styrkir sérstaklega veittir til fyrirtækja vegna námskeiðahalds, en það er 142% aukning frá fyrra ári. Sjá mynd 15.

Fyrirtæki á lækkuðu iðgjaldi voru sautján og fjölgaði um sex frá árinu áður. Eitt fyrirtækjanna hætti á lækkuðu iðgjaldi á árinu og sex ný bættust við. Sjá mynd 16. Stefnt er að því að fjölga þeim enn frekar með heimsóknum til fyrirtækja, aukinni kynningu og skýrum upplýsingum um umsóknarferlin. Þau fyrirtæki sem voru á lækkuðu iðgjaldi greiddu 0,10% iðgjald til SVS í stað 0,30%. Þessi fyrirtæki hefðu greitt u.þ.b. 44 milljónir í iðgjöld ef þau hefðu verið á fullu iðgjaldi, en greiddu rúmlega 17 milljónir og er afsláttur þeirra því rúmlega 24 milljónir króna. Fyrirtæki sem hafa fengið samþykka lækun á iðgjaldi geta ekki sótt um aðra styrki til sjóðsins á meðan lækunin gildir.


Veittir voru 28 styrkir til fyrirtækja sem fengu „Fræðslustjóra að láni“ á árinu og er það 56% aukning frá fyrra ári. Stefnt er að því að bæta enn við fjölda fyrirtækja þar sem verkefnið hefur reynst fyrirtækjum mjög vel og stuðlar að frekari símenntun innan vinnustaðarinnar. Mikil ánægja er meðal starfsmanna fyrirtækjanna sem hafa tekið þátt og

þá hvernig starfsmenn taka virkan þátt í mótun fræðslu-áætlunarinnar. Stjórn sjóðsins samþykkti á síðasta ári að hrinda af stað átaki til smærri fyrirtækja þannig að sjóðurinn myndi að öllu leyti standa straum af kostnaði verkefnisins af hálfu sjóðsins. Vel gekk með það áttak sem leiddi til þess að öll slík verkefni eru nú greidd að fullu af sjóðnum, en dragast ekki af rétti fyrirtækjanna eins og þau gerðu áður.

Á mynd 18 má sjá dreifingu styrkja til fyrirtækja eftir atvinnugreinum. Myndin sýnir fjölda einstaklinga sem eru á bak við fyrirtækjastyrki og undir hvaða atvinnugreinar þeir falla. Styrkirnir sem um ræðir eru stakir fyrirtækjastyrkir og „Fræðslustjóri að láni“ verkefni. Að auki er fjöldi þeirra starfsmanna sem starfar í þeim fyrirtækjum sem eru á lækkuðu iðgjaldi tekinn hér með. Sjá má að fjöldinn á bak við styrki í heild- og smásöluverslun er mestur. Fjöldi starfsfólks sem er á bakvið fyrirtækjastyrki dreifist á mjög svipaðan hátt milli atvinnugreina og árinu á undan.


Mynd 19 sýnir hlutfallslega dreifingu styrkja eftir fjölda einstaklinga í viðkomandi atvinnugrein. Á þeirri mynd má sjá að þær atvinnugreinar sem hlutfallslega eru mest áberandi hvað varðar starfsmenntun eru; flutningar og geymsla, fjármála- og váttryggingastarfsemi og heild- og smásöluverslun. Mörg þeirra fyrirtækja sem eru á lækkuðu iðgjaldi eru innan þessara þriggja atvinnugreina. Þau fyrirtæki hafa sýnt fram á virka menntastefnu innan fyrirtækisins og að kostnaður vegna fræðslu félagsmanna frá VR/LÍV á 12 mánaða tímabili er meiri en sem nemur 0,30% af heildarlaunum starfsmanna.

Heildarfjöldi starfsmanna á bak við styrki Mynd 13




Yfirlit yfir starfsemi sjóðsins


Styrkir samtals Mynd 14




Fjöldi fyrirtækjastyrkja Mynd 15



Fjöldi fyrirtækja á lækkuðu iðgjaldi Mynd 16



Fræðslustjóri að láni Mynd 17



Dreifing styrkja eftir atvinnugreinum Mynd 18

Fyrirtæk	Fjöldi
Fasteignaviðskipti	1
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	4
Fræðslustarfsemi	14
Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi	24
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	28
Annað	31
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	52
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	68
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	326
Upplýsingar og fjarskipti	374
Framleiðsla	377
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	384
Rekstur gististaða og veitingarekstur	508
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	980
Flutningar og geymsla	1.000
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	3.350

Hlutfall styrkja eftir fjölda einstaklinga Mynd 19

Atvinnugrein	Hlutfall
Flutningar og geymsla	50%
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	44%
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	38%
Rekstur gististaða og veitingarekstur	28%
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	26%
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	23%
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	15%
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	14%
Framleiðsla	13%
Upplýsingar og fjarskipti	13%
Fræðslustarfsemi	4%
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	4%
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	3%
Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi	2%
Fasteignaviðskipti	0%

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks, störfum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og stjórnendur eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og stjórnendur eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og stjórnendur ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Ef við á, skulu stjórn og stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungu við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnar og stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar


hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 5. apríl 2017

Deloitte ehf.



Pálína Árnadóttir
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.


Hagnaður Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks á árinu 2016 nam kr. 171.099.139. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 764.025.580, bókfært eigið fé í árslok er kr. 753.658.129 og er eiginfjárhluftall sjóðsins 98,7%.

Það er álit stjórnar Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu

Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, 5. apríl 2017

Í stjórn



Arndís Arnarsdóttir, SA
Eiður Stefánsson, LÍV
Guðbjörg Sesselja Jónsdóttir, SA, frá júní 2016
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR
Lisbet Einarsdóttir, SA, til maí 2016
Ólafur Finnbogason, SA
Teitur Lárusson, VR, formaður

Rekstrarreikningur 2016

	Skýr.	2016	2015
Iðgjöld		607.133.862	517.618.244
Úthlutaðir styrkir	5	(424.685.002)	(417.764.013)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(24.169.727)	(21.287.125)
Innheimtukostnaður		(12.464.420)	(12.455.108)
Sérverkefni, kynningarstarf		(208.591)	(2.045.601)
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir skatta		<u>145.606.122</u>	<u>64.066.397</u>
Fjármunatekjur	3	31.265.631	29.234.556
Fjármagnsgjöld	4	(3.942)	(2.787)
Fjármagnstekjuskattur		(5.768.672)	(5.375.358)
Hagnaður (tap) ársins		<u><u>171.099.139</u></u>	<u><u>87.922.808</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	31. 12. 2016	31. 12. 2015
Eignir			
Veltufjármunir			
Verðbréfasafn	7	556.227.195	301.744.035
Viðskiptakröfur	6	47.828.051	26.439.284
Aðrar skammtímakröfur		39.578	70.000
Handbært fé	6	159.930.756	262.169.744
Eignir		<u>764.025.580</u>	<u>590.423.063</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	8		
Óráðstafað eigið fé		753.658.129	582.558.990
Eigið fé		<u>753.658.129</u>	<u>582.558.990</u>
Skuldbindingar			
Áfallinn fjármagnstekjuskattur	9	8.987.658	5.881.625
		<u>8.987.658</u>	<u>5.881.625</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	10	221.827	1.206.493
Aðrar skammtímaskuldir	10	1.157.966	775.955
Skuldir		<u>1.379.793</u>	<u>1.982.448</u>
Skuldir og skuldbindingar		<u>10.367.451</u>	<u>7.864.073</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>764.025.580</u></u>	<u><u>590.423.063</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

Skýringar

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar			
Innborguð iðgjöld		594.669.442	505.163.136
Greiddir styrkir		(424.685.002)	(417.764.013)
Greiddur kostnaður		(24.378.318)	(23.332.726)
Veltufé frá (til) rekstrar án vaxta		145.606.122	64.066.397
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun ...		(21.358.345)	(15.538.358)
Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(602.655)	(4.524.251)
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta		123.645.122	44.003.788
Innborgaðir vextir		8.263.567	10.511.714
Greiddir vextir		(3.942)	(2.787)
Handbært fé frá (til) rekstrar		131.904.747	54.512.715
Fjárfestingahreyfingar			
Innborgað á verðbréfasafn		(234.143.735)	(34.587.884)
		(234.143.735)	(34.587.884)
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(102.238.988)	19.924.831
Handbært fé í upphafi árs		262.169.744	242.244.913
Handbært fé í lok árs		159.930.756	262.169.744

1. Starfsemi

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna hins vegar dags. 14. maí 2000. Sjóðurinn er eign VR, Landssambands íslenskra verzlunarmanna og Samtaka atvinnulífsins. Heimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. Reikningasskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Reikningshaldslegri meðferð á fjármagnstekjuskatti vegna óinnleysts hagnaðar verðbréfa og verðbréfasjóða hefur verið breytt. Nú er færð upp skuldbinding vegna fjármagnstekjuskatts á óinnleystum hagnaði og er skuldbindingin færð meðal langtímaskulda sjóðsins. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt vegna þessa.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringunum hér á eftir.

3. Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankainnstæðum	8.725.254	11.852.391
Vaxtatekjur af félagsgjöldum	1.283.367	1.029.795
Vaxtatekjur af verðbréfasafni	5.546.641	3.083.899
Arður af hlutabréfaeign í verðbréfasafni	47.729	87.607
Gengishagnaður verðbréfasafns	15.662.640	13.180.864
	31.265.631	29.234.556

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Skráning tekna

Innheimt iðgjöld eru tekjufærð sem iðgjöld ársins. Ógreidd iðgjöld í árslok eru ekki færð.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtíma-verðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

4. Fjármagnsgjöld

	2016	2015
Vaxtagjöld	3.942	2.787

5. Styrkveitingar

Úthlutaðir styrkir greinast þannig:

	2016	2015
Fræðslustyrkir	390.752.666	394.399.606
Styrkir til fyrirtækja og samtaka	25.013.677	8.869.177
Þróunar og sérverkefni	450.000	8.598.670
Styrkir - Fræðslustjóri að láni	8.240.659	5.896.560
Áttin	228.000	0
	424.685.002	417.764.013

6. Aðrar peningalegar eignir

	31. 12. 2016	31. 12. 2015
Viðskiptakröfur		
LIVE og VR	44.677.745	22.158.999
Vlf. Snæfellsbæjar	59.960	0
Vlf. Vestfirðinga	184.542	88.936
Stéttarfélagið Samstaða	81.771	61.746
Vmf. Skagafjarðar	321.245	41.880
FVSA	845.343	1.275.830
VMF. Suðurlands	8.518	1.443.504
Stéttarfélag Vesturlands	0	93.260
AFL starfsgreinafélag	0	129.192
Vmf. Suðurnesja	1.648.927	1.145.937
	47.828.051	26.439.284

	31. 12. 2016	31. 12. 2015
Aðrar skammtímakröfur		
Aðrar kröfur	39.578	70.000
	39.578	70.000

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31. 12. 2016	31. 12. 2015
Bankainnstæður í íslenskum krónum	159.930.756	262.169.744

7. Verðbréfaeign

Verðbréfaeign sjóðsins er verðbréfasafn sem er í vörslu Íslandsbanka hf. Verðbréfasafn sjóðsins er að markaðsvirði kr. 556.227.195

	2016	2015
Staða í ársbyrjun	301.744.035	251.677.710
Innborgað á verðbréfasafn	234.143.735	34.587.884
Vaxtatekjur	5.546.641	3.083.899
Fjármagnstekjuskattur	(917.584)	(873.929)
Gengismunur	14.164.414	13.579.300
Þóknun	1.545.954	(310.829)
	556.227.195	301.744.035

8. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2015	494.636.182	494.636.182
Afkoma ársins	87.922.808	87.922.808
Eigið fé 1.1.2016	582.558.990	582.558.990
Afkoma ársins	171.099.139	171.099.139
Eigið fé 31.12.2016	753.658.129	753.658.129

9. Fjármagnstekjuskattur

	31. 12. 2016	31. 12. 2015
Staða í ársbyrjun	5.881.625	3.750.668
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu	(2.662.639)	(3.244.401)
Breytingar á skuldbindingu vegna áfallins fjármagnstekjuskatts	5.768.672	5.375.358
	8.987.658	5.881.625

Skýringar

10. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir	31. 12. 2016	31. 12. 2015
Framsýn Stéttarfélag	158.651	1.198.463
AFL starfsgreinafélag	32.523	0
Stéttarfélag Vesturlands	30.653	0
Vlf Snæfellinga	0	8.030
	<u>221.827</u>	<u>1.206.493</u>
Aðrar skammtímaskuldir	31. 12. 2016	31. 12. 2015
Ógreiddir styrkir	56.250	29.610
Ógreiddur kostnaður	1.101.716	746.345
	<u>1.157.966</u>	<u>775.955</u>

Sundurliðanir

Rekstrartekjur

	2016	2015
Iðgjöld atvinnurekenda	485.768.653	414.134.615
Iðgjöld stéttarféлага	121.365.209	103.483.629
	<u>607.133.862</u>	<u>517.618.244</u>

Styrkir

Fræðslustyrkir	390.752.666	394.399.606
Styrkir til fyrirtækja og samtaka	25.013.677	8.869.177
Próunar og sérverkefni	450.000	8.598.670
Styrkir - fræðslustjóri að láni	8.240.659	5.896.560
Áttin	228.000	0
	<u>424.685.002</u>	<u>417.764.013</u>

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Þóknun til VR	21.245.105	19.828.831
Ýmsir fundir	13.258	1.850
Stjórnarfundir	247.181	383.417
Auglýsingar	65.649	0
Útgáfa og prentun	397.927	286.637
Endurskoðun og reikningskil	439.262	402.776
Aðkeypt sérfræðipjónusta	0	148.985
Aðkeypt tölvupjónusta	1.705.999	174.025
Annar kostnaður	55.346	60.604
	<u>24.169.727</u>	<u>21.287.125</u>

Innheimtukostnaður

Innheimtulaun	12.464.420	12.455.108
	<u>12.464.420</u>	<u>12.455.108</u>

Sérverkefni kynningarstarf

Kynningarstarf	208.591	2.045.601
	<u>208.591</u>	<u>2.045.601</u>

